

Hinum skipaða sóknara og verjanda bera í málflutningslaun 8 kr. hvorum þeirra, er greiðist af almannafje.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir kærðu, Jón Þóroddsson og Stefán Pálsson, eiga að vera sýknir af kærum hins opinbera í máli þessu.

Allur málskosnaður, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfir dómi, málflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 8 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Mánudaginn 3. desembermán.

Nr. 1/1888.

Jónas Símonarson

gegn

Jóhanni L. Sveinbjarnarsyni.

Dómur:

Hinn stefndi í máli þessu, presturinn Jóhann L. Sveinbjarnarson, var oddviti í hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps árið 1885/1886, og samdi jafnaðar-reikning hreppsins fyrir þetta ár; í reikningi þessum taldi hann gjöld til Hólmaprests og Hólmakyrkju, er nokkrum sveitar-þurfalingum bar að inna af hendi, meðal útgjalda hreppsins, enda hafði hann greitt gjöldin fyrir þessa gjaldþegna úr sveitarsjóði. Þegar reikningur þessi var endurskoðaður, gjörði endurskodari athugasemd við hann að því er áminnztá

gjaldagrein snerti, og taldi hana ólögmeta. Í svarinu upp á athugasemd þessa gat hinn stefndi þess meðal annars, að tveir af hreppsnefndarmönnum, annar þeirra áfrýjandinn Jónas bóndi Símonarson, hefðu verið mótfallnir því, að umrædd gjöld væru greidd úr sveitarsjóði, „af þeirri ástæðu, að þeir vildu að viðskipti prestsins á Hólum og fríkyrkjumanna yrðu sem ströngust og sögulegust“, en gjaldþegnar þeir, er gjöldin voru greidd fyrir úr sveitarsjóði, voru fríkyrkjumenn. Þegar athugasemdirnar við hreppsreikninginn og svörin upp á þær voru lögð fram almenningi til sýnis, lagði áfrýjandinn og hinn hreppsnefndarmaðurinn, er í hlut átti, fram á sama stað skjal eitt með undirskript þeirra, dags. 6. janúarm. f. á., en í því komast þeir svo að orði, að þar sem sjera Jóhann taki það fram, að þeir hafi verið mótfallnir því, að greiða nefnd gjöld úr sveitarsjóði af þeim ástæðum, að þeir vildu að viðskipti prestsins á Hólum og fríkyrkjumanna yrðu sem ströngust og sögulegust, „þá lýsum við þennan framburð sjera Jóhanns hrein og bein ósannindi“. Fyrir þessi síðastnefndu ummæli höfðaði sjera Jóhann mál á móti Jónasi Símonarsyni fyrir aukarjetti Suður-Múlasýslu, og var því ráðið til lykta með dómi tjeðs rjettar, upp kveðnum 27. septembermán. f. á., en með þeim dómi eru orðin: „hrein og bein ósannindi“, dæmd ómerk, og úrslit málsins að öðru leyti látin vera komin undir eiði Jónasar Símonarsonar, þannig að hann á að vera sýkn í málinu og málskostnaður á að falla niður, svo framarlega hann vinnur eið að því, að hann hafi eigi á viðtali við sjera Jóhann um lögtak hjá fríkyrkjumönnum viðhaft þau orð, að hann óski að

viðskipti prestsins á Hólmum og frikyrkjumanna verði „sem ströngust og sögulegust“; en vinni hann eigi svofelldan eið, á hann að greiða 50 kr. sekt til landsjóðs, ella sæta 15 daga einföldu fangelsi, svo og greiða „allan af málinu löglega leiðandi kostnað eptir úrskurðaðum reikningi“. Þessum aukarjettardómi hefur Jónas Símonarson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 6. jan. þ. á., og eru það hans rjettarkröfur, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og að sjera Jóhann Sveinbjarnarson verði dæmdur til að greiða málskostnað að minnsta kosti 180 krónur. Á hinn bóginn hefur sjera Jóhann gagnáfrýjað sökinni með stefnu, út gefinni 18. júním. þ. á., og gjört þær kröfur, *principaliter* að málinu verði vísað frá yfirdóminum sakir ónógrar og ólögmastrar birtingar á aðaláfrýjunarstefnunni, og *in subsidium* að hin umstefndu orð: „hrein og bein ósannindi“, verði dæmd dauð og ómerk, og aðaláfrýjandinn sektaður fyrir þau eptir strangleika laganna. Hvernig sem málið fer, krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að endurgjalda allan kostnað málsins fyrir undirrjetti og yfirdómi með einhverju nægilegu eptir rjettarins mati.

Það er sannað í málinu, að aðaláfrýjunarstefnan hafi verið birt nægilega tímanlega fyrir gagnáfrýjanda, en að vísu annarstaðar, en á heimili hans. Þetta atvik getur þó í þessu máli eigi leitt til þess, að aðaláfrýjunarstefnunni verði frávísað, úr því að hinn stefndi hefur eptir henni látið mæta fyrir yfirdóminum, komið fram með vörn, lútandi að efni málsins, og loksins gagnáfrýjað sökinni.

Þó að ummæli þau, sem eru sakar-efni, eigi sjeu

Þess eðlis, að þau hafi meitt eða geti meitt æru gagnáfrýjanda, eða orðið virðingu hans til hnekkis, þá eru þau þó verulega móðgandi fyrir hann, sjerstaklega þar eð þau voru í skjali, er lagt var fram almenningi til sýnis. Til þess að beina svo löguðum móðgunaryrðum að gagnáfrýjanda hafði aðaláfrýjandi enga nægilega ástæðu, því að eigi verða þau rjettlætt eða heimiluð fyrir það atvik, þó að *rangt* kunni að hafa verið það *álit* gagnáfrýjanda, er hann ljét í ljósi, að aðaláfrýjandi hafi af ástæðum þeim, sem að framan er um getið, verið mótfallinn áður umgetinni ráðstöfun í sveitarstjórninni. — Það verður því eptir kröfu gagnáfrýjanda að dæma ómerk ummælin „hrein og bein ósannindi“, og á aðaláfrýjandi, fyrir að hafa viðhaft þau og beint þeim að gagnáfrýjanda, að greiða sekt í landsjóð, er þykir hæfilega ákveðin 20 kr., samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 219. gr., en verði hún eigi öll greidd í ákveðinn tíma, komi í stað hennar 6 daga einfalt fangelsi. — Eptir þessum málavöxtum verður og að skylda aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda hæfilegan málskostnað, og ákveðst hann 60 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Ofan nefnd móðgunarorð: „Hrein og bein ósannindi“, eiga að vera dauð og marklaus. Aðaláfrýjandi, Jónas Simonarson, á að greiða 20 kr. sekt í landsjóð, eða sæta 6 daga einföldu fangelsi, verði sektin öll eigi greidd innan ákveðins tíma; svo á hann og að greiða gagnáfrýjanda 60 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 35/1888.

Sigurður Ásmundsson  
 gegn  
 P. Nielsen og Birni sýslumanni  
 Bjarnarsyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Árnassýslu, upp kveðnum 16. nóvembermán. f. ár, var áfrýjandi máls þessa, Sigurður bóndi Ásmundsson, dæmdur til þess að greiða verzlun kaupmanns Lefolli á Eyrarbakka, er hinn stefndi P. Nielsen veitir forstöðu, skuld að upphæð 264 kr. 44 aur. með vöxtum 5 af hundraði frá dagsetningu sáttakærunnar, þangað til borgað er, og málskostnað allan að skaðlausu. — Dómi þessum hefur Sigurður Ásmundsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 15. ágústmán. þ. á., og gjört þær rjettarkröfur í málinu, að dómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá undirrjettinum, og að hinn stefndi P. Nielsen, eða undirdómarinn Björn Bjarnarson, eða þeir báðir *in solidum* verði dæmdir til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum rjettum, 60 krónur að minnsta kosti; en til vara hefur áfrýjandi krafizt þess, að hin umkrafða skuldarupphæð, sem hjeradsdómarinn hefur tekið til greina í dómi sínum, verði færð niður um 26 kr. 22 aur., að haun verði losaður við að greiða málskostnað fyrir undirrjetti, og að honum verði til dæmdur hæfilegur málskostnaður fyr-